

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 40/95
frá 22. júní 1995**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/68/EB frá 16. desember 1994 um aðlögun að
tækni framförum á tilskipun ráðsins 78/318/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna
varðandi þurrku- og sprautubúnað vélknúinna öktuækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 36. lið (tilskipun ráðsins 78/318/EBE) í I. kafla II. viðauka við
samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- 394 L 0068: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/68/EB frá 16. desember 1994
(Stjtið. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 1).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/68/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker